

## Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Elsu Láru Arnardóttur um vaxtagjöld ríkisins vegna lána til bjargar fjármálakerfinu.

Fyrirpurnin hljóðar svo:

*Hver eru vaxtagjöld ríkisins vegna lána til bjargar fjármálakerfinu frá hruni í október 2008 til dagsins í dag?*

Svarið nær til þeirra vaxta sem ríkissjóður hefur greitt til dagsins í dag vegna endurfjármögnunar fjármálastofnana (viðskiptabankanna og sparisjóða) í kjölfar hruns fjármálakerfisins í október 2008. Jafnframt nær það til vaxtagjalda vegna fjármögnunar ríkissjóðs á eiginfé Seðlabanka Íslands vegna tapa á veðkröfum sem bankinn varð fyrir við fall fjármálakerfisins.

### Framlög vegna endurfjármögnunar fjármálastofnana.

Byrjunarstofnframlag ríkissjóðs vegna hinna nýju viðskiptabanka var staðgreitt í október 2008, en við endanlega stofnfjármögnun þeirra á árunum 2009 og 2010 voru stofnfjárframlög og víkjandi lán fjármögnuð með útgáfu skuldabréfa sem voru afhent bönkunum. Ríkissjóður hefur greitt bönkunum vexti af þeim skuldabréfum og voru þeir, samkvæmt samningum við gömlu bankana, reiknaðir frá falli þeirra í október 2008. Gefinn var út sérstakur skuldabréfaflokkur til 10 ára með breytilegum vöxtum í þessu skyni og er hann á gjalddaga í október 2018 (RIKH 18).

### Staða ríkissjóðs vegna endurreisnar viðskiptabankanna í nóvember 2014 (milljarðar kr.).

	Staðgreitt hlutfé	Útgefin skuldabréf	Greiddir vextir
Arionbanki	0,8	38,1	15,0
Íslandsbanki	0,8	30,3	11,0
Landsbankinn	0,8	121,2	44,2
Alls	2,3	189,6	70,2
Landsbankinn v/SpKef	0,0	19,2	2,6
<b>Samtals</b>	<b>2,3</b>	<b>208,8</b>	<b>72,8</b>

Taflan sýnir að skuldabréf vegna viðskiptabankanna þriggja, Arionbanka, Íslandsbanka og Landsbanka nema 190 milljörðum kr. Til viðbótar voru gefin út 19,2 milljarða kr. skuldabréf til Landsbankans í tengslum við sameiningu bankans og SpKef. Alls nema útgefin skuldabréf vegna endurreisnar fjármálastofnana því um 209 milljörðum kr.

Ríkissjóður hefur greitt samtals 72,8 milljarða kr. í vexti af nefndum skuldabréfum frá stofndegi þeirra í október 2008 og til nóvember 2014 vegna viðskiptabankanna. Vaxtakjör skuldabréfanna eru breytileg og taka mið af innlánsvöxtum Seðlabanka Íslands.

**Framlag ríkissjóðs til styrkingar eigin fjár Seðlabanka Íslands.**

Í kjölfar falls íslenska fjármálakerfisins í október 2008 urðu veruleg töp á veðtryggingum sem Seðlabanki Íslands hafði tekið til tryggingar lausafjár fyrirgreiðslu fjármálastofnana. Til að tryggja eiginfjárstöðu Seðlabankans keypti ríkissjóður hluta veðkrafna bankans á fjármálastofnanir. Nafnvirði krafanna voru 345 milljarðar kr. og greiddi ríkissjóður í upphafi árs 2009 um 270 milljarða kr. fyrir þær með veðtryggðu skuldabréfi til fimm ára. Af heildarfjárhæðinni voru trygg veð metin vera um 51 milljarður kr. og óvissar kröfur á um 44 milljarða kr. Ríkissjóður afskrifaði því strax kröfurnar um 175 milljarða kr. Til viðbótar námu afskriftir vegna veðkrafna aðalmiðlara ríkisbréfa 17 milljörðum kr. Seðlabankinn þurfti að afskrifa 75 milljarða kr. vegna veðkrafna bankans á fjármálastofnanir.

Talið var óhentugt að umsýsla krafna ríkis og Seðlabanka á hendur fjármálafyrirtækjum væri á tveimur stöðum og varð því að samkomulagi í lok árs 2009 að Seðlabankinn yfirtæki aftur kröfur ríkissjóðs sem þá voru metnar á 93 milljarða kr. Samhliða þessu seldi ríkissjóður bankanum aðrar veðlánakröfur sem hann hafði leyst til sín vegna bankahrunsins að upphæð 41 milljarði kr. Andvirði þessara viðskipta var síðan nýtt til að lækka kröfu SÍ á ríkissjóð um 134 milljarða kr.

Vaxtagreiðslur vegna skuldabréfsins eru reiknaðar af verðbættum höfuðstól og greiðast úr ríkissjóði mánaðarlega. Í nóvember 2014 hefur ríkissjóður greitt 30,8 milljarða kr. í vexti af skuldabréfi sem ríkissjóður gaf út til fjármögnunar á eiginfjárstöðu Seðlabankans frá ársbyrjun 2009.

Verðbætur á höfuðstól bréfsins til 1. janúar 2014 (þá var skilmálum bréfsins breytt í óverðtryggt) nema samtals um 49,2 milljörðum kr. Áfallnir vextir og verðbætur vegna skuldabréfs Seðlabanka Íslands nema því samtals 80 milljörðum kr. í nóvember 2014.

Vaxtagreiðslur og verðbætur ríkissjóðs vegna lána, sem tekin voru til endurreisnar á fjármálakerfinu frá hruni í október 2008 til dagsins í dag, nema því alls um 153 milljörðum kr.